

L Ö G

12

30. jan.

um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Frá 1. jan. 1953 skal erfðafjárskattur samkvæmt lögum nr. 30 27. júní 1921 og arfur samkvæmt 33. gr. erfðalaganna frá 1949 renna í sérstakan sjóð, er nefnist erfðafjár sjóður, og skal sjóðurinn vera í vörzlum Tryggingastofnunar ríkisins.

2. gr.

Fé því, sem rennur í erfðafjár sjóð samkvæmt 1. gr., skal varið til lána og styrkveitinga til þess að koma upp vinnuheimilum, vinnustofum og vinnutækjum fyrir öryrkja og gamalmenni í því skyni, að starfsgeta þeirra komi að sem fyllstum notum. Er heimilt að veita sveitarfélögum, öðrum félögum og einstökum mönnum lán og styrki úr sjóðnum í þessu skyni, en þó fari samanlagðar upphæðir lána og styrkja eigi fram úr $\frac{2}{3}$ af stofnkostnaði vinnuheimilis eða vinnustofu og vinnutækja.

3. gr.

Félagsmálaráðherra tekur ákvarðanir um lánveitingar og styrkveitingar úr erfðafjár sjóði, að fengnum tillögum Tryggingastofnunar ríkisins, og setur þau skilyrði fyrir lánnum og styrkveitingum, sem ástæða þykir til. Hann setur reglur um fyrirkomulag og rekstur þeirra vinnuheimila og vinnustöðva, sem fá lán eða styrki úr sjóðnum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. janúar 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

L Ö G

13

31. jan.

um skógræktardag skólafólks.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Heimilt er skógræktarstjóra, í samráði við hlutaðeigandi skólanefnd og skólastjóra, að kveðja hvern þann ófatlaðan nemanda, pilt eða stúlku, sem nýtur ókeypiss kennslu í ríkisskóla, til starfa í þjónustu Skógræktar ríkisins einn dag á ári.

13 Skógræktarstjóri skipuleggur starfið og sér fyrir hæfri verkstjórn og góðri
31. jan. vinnuaðstöðu.

Verkefni séu jafnan valin innan skólahverfisins eða í nánd við skólastað.

2. gr.

Skógræktardagurinn sé á vorin, að jafnaði áður en skólar hætta störfum. Skal ákveða hann með nægum fyrirvara í samráði við stjórnendur skólanna. Ber að taka tillit til staðhátta og ákveða daginn einvörðungu með tilliti til þess, að ræktunarstarf skólafólksins geti borið sem beztan árangur.

3. gr.

Nú þykja ekki ákjósanleg verkefni fyrir hendi á einhverjum stað við skógræðslu, og mega þá stjórnendur skóla, í samráði við viðkomandi sveitarstjórn, fela skólafólkinu verkefni við gróðursetningu trjáplantna eða skrudjurta, til fegrunar á umhverfi skóla, kirkna, sjúkrahúsa, elliheimila eða annarra opinberra menningar- og líknaðstofnana.

4. gr.

Nánari ákvæði um tilhögun starfa og verkefna á skógræktardaginn má setja með reglugerð, er skógræktarstjóri semur, í samráði við fræðslumálastjóra, og ráðherra staðfestir.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. janúar 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

14

31. jan.

L Ö G

um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1951.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja 38 millj. króna af tekjum ríkissjóðs árið 1951 sem hér segir:

1. Að lána Ræktunarsjóði og Byggingarsjóði	15 millj. kr.
2. Að lána byggingarsjóði verkamanna	4 — —
3. Að lána sveitarfélögum til útrýmingar heilsuspillandi íbúða, skv. III. kafla laga nr. 44/1946	4 — —
4. Að lána til byggingar smáíbúða	4 — —
5. Að kaupa hlutabréf í Iðnaðarbanka Íslands h.f. fyrir	3 — —
6. Að greiða upp í hluta ríkissjóðs af stofnkostnaði við skóla, sem þegar hafa verið byggðir	5 — —